

Mál nr. 89/2006

E

og

X vegna A

og

Z vegna B

Árekstur á Engjaseli 17. apríl 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. maí 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 24. maí 2006.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðinni A var ekið norður Engjasel og beygt til vinstri vestur Seljabraut. Ökumaður stöðvaði bifreiðina á götunni til að skila dagblöðum í blaðagám sem þarna er staðsettur hægra megin götunnar. Ökumaður sá bifreiðina B fyrir aftan sig og hún hafi kveikt á gulblikkandi aðvörunarljósum þegar hún stöðvaði. Ökumaður B ók vestur Seljabraut með fyrirhugaða akstursleið sömu leið. Ökumaður segist í lögregluskýrslu hafa séð A of seint. Hann hafi því sveigt til vinstri en lenti samt með hægra ramhorn ökutæksiins á vinstra afturhorni A.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að B ók aftan á A og gætti ekki nægilegrar aðgæslu varðandi umferð fyrir framan sig. B ber alla sök.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík, 9. júní 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.